



# Framkvæmda- fréttir 14. tbl. /08



Tölvuteiknuð mynd af vestasta gangamunna Sundaganga á mótis við norðurenda Kringlumýrarbrautar. Myndir: Línuhönnun.



## Hreinn Haraldsson vegamálastjóri

Ræða á kynningarfundum sem samgönguráðherra boðaði til um Sundabraut 7. maí örlítið stytta. Meðfylgjandi myndefni fylgdi kynningu Jónasar Snæbjörnssonar svæðisstjóra Vegagerðarinnar á Suðvestursvæði

## Sundabraut rædd

Eins og öllum er kunnugt hefur Sundabraut verið lengi á teikniborðinu og í umræðunni og ýmsar tæknilegar lausnir skoðaðar. Vegagerðin hefur tekið þátt í þessari vinnu með Reykjavíkurborg um langt árabíll, og ágætis samvinna verið á milli okkar í því.

Það er alveg ljóst að til lengri tíma litið er Sundabraut mikilvæg tenging höfuðborgarsvæðisins við Vestur- og Norðurland, og megin forsenda þess að hægt verði að þróa byggðina í

Reykjavík áfram til norðurs með ströndinni. Það er einnig mikilvægt að hafa aðra leið til og frá borginni en núverandi Vesturlandsveg, með tilliti til öryggisþátta. En til skemmi

Rífliga 100 manns sóttu kynningarfund um Sundabrautina í Ráðhúsinu 7. maí. Tilgangur fundarins var að upplýsa borgarbúa og annað áhugafólk um samgöngur um fyrirhugaða Sundabraut, mögulega útfærslu hennar og kostnað.

Jónas Snæbjörnsson svæðisstjóri hjá Vegagerðinni fór yfir það sem gert hefur verið og sérstaklega þá tvo kosti sem helst eru í umræðunni núna, Sundagöng og Eyjalausn. Fundinn ávörpuðu einnig Kristján Möller samgönguráðherra, Hreinn Haraldsson vegamálastjóri og borgarfulltrúarnir Vilhjálmur P. Vilhjálmsson og Dagur B. Eggertsson. Umræður fóru fram að því loknu.

Líkt og fram hefur komið þá styður borgarstjórn Reykjavíkur eindregið gangalausnina en Vegagerðin mælir með Eyjalausninni.


## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg


Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin  
Framkvæmdafréttir  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík**  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

14. tbl. 16. árg. nr. 499 19. maí 2008

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Leið III, Útreiknuð umferðarspá miðuð við núverandi umferðartölur. Tölur sýna umferð í þúsundum bíla á dag.



Jarðgöng, Útreiknuð umferðarspá miðuð við núverandi umferðartölur.

**Markmið lagningar Sundabrautar**  
 Bæta samgöngur á höfuðborgarsvæðinu  
 Bæta tengingu við Vestur- og Norðurland  
 Létta umferð af umferðarþungum götum  
 Auka hagræði í samgöngum  
 Bæta umferðaröryggi og umhverfi  
 Forsenda þróunar byggðar til norðurs


**Kostnaður 1. áfangi**  
 Leið III 15 milljarðar króna  
 Sundagöng 24 milljarðar króna  
 Verðlag árslok 2007.  
 Rekstrarkostnaður jarðganga er verulega meiri en yfirborðsvegjar.  
 Ekki er talinn með kostnaður vegna lokunar aðkomuleiðar að Ártúnshöfða.  
 Uppkaup eigna á Leið III um 2,4 milljarðar króna er innifalinn í verði.

**Héðinsfjarðargöng**  
 Gangagröftur Siglufjarðarmegin, Héðinsfjörður-Ólafsfjörður, er kominn á fullt skrið og voru sprengdir alls 20 m í göngum í viku 19. Ólafsfjarðarmegin gekk gröftur vel og voru sprengdir um 89 m í viku 19. Göngin þeim megin eru nú orðin um 3.111 m. Heildarlengd ganga er í dag 6.771 m sem er um 64% af heildarlengd ganga.


tíma litið er 1. áfangi Sundabrautar samt mikilvægastur til að tengja Grafarvog við miðborgina, og létta á umferðarþunga í Ártúnsbrekku og nálægum götum.

Síðustu misseri og mánuði hafa tveir kostir aðallega verið til skoðunar eins og flestum er kunnugt, þ.e. jarðgöng á svokallaðri ytri leið og lágbrýr á innri leið. Ég vil leyfa mér að fjalla dálítið um eitt atriði varðandi jarðgöngin sem töluvert hefur verið rætt um, en það er kostnaðurinn. Það vill þannig til að ég þekki töluvert til þeirra mála.


Í skýrslu frá því í nóvember 2006 var kostnaður við göngin sjálf áætlaður um 12 milljarðar, og heildarkostnaður með tengivegum og slíku um 16 milljarðar. Þessi áætlun byggði á fyrirliggjandi þekkingu um jarðfræði svæðisins, einingaverðum úr gerð jarðganga hérlendis og þeim stöðlum sem í gildi voru.




Hér í opnunni eru sýndar reiknaðar umferðarspár beggja leiða. Súlnurnar sýna uppsafnaðan sparnað vegfarenda í akstursvegalengd, þúsundir km á dag.




Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 12. maí. 2008. Sprengingum frá Siglufirði til Héðinsfjarðar lauk 21. mars 2008.




Leið III, Útreiknuð umferðarspá 2017. Sundabraut tengd upp á Geldinganes.



Jarðgöng, Útreiknuð umferðarspá 2017. Sundabraut tengd upp á Geldinganes.




Leið III, Útreiknuð umferðarspá 2027. Sundabraut tengd upp á Kjalarnes.



Jarðgöng, Útreiknuð umferðarspá 2027. Sundabraut tengd upp á Kjalarnes.

Þegar ákveðið var í framhaldi af útgáfu þessarar skýrslu að skoða jargangakostinn frekar var ákveðið að fara í nokkuð umfangsmiklar rannsóknir á jarðfræðilegum aðstæðum, eins og lagt hafði verið til í skýrslunni frá 2006. Það voru boraðar 12 kjarnaholur á landi, tvær skáholur frá ströndinni innundir hafsbótinn í Kleppsvíkinni, ein hola af sjó og síðan gerðar svokallaðar bylgjubrotsmælingar á botninum á nokkuð stóru svæði. Þessar rannsóknir voru nauðsynlegar til að geta metið aðstæður betur, og þar með áætla kostnað með meiri nákvæmni. Þá fóru sérfræðingar til Svíþjóðar og Noregs til að kynna sér sambærileg mannvirki og kostnað við þau. Bæði rannsóknirnar og samanburðinn við þessi lönd leiddu til hækkana

á áætluðum kostnaði. En það sem mest áhrif hafði var hins vegar sú staðreynd að árið 2007 tóku gildi nýjar og hertar öryggiskröfur og nýir staðlar fyrir jarðgöng í allri Evrópu. Þótt þessar auknu kröfur hafi mest áhrif í umferðarmiklum göngum í þéttbýli, þá hafa þær einng áhrif í hefðbundnum jarðgöngum á landsbyggðinni, og hafa leitt til töluvert aukins kostnaðar í okkar nýjustu göngum þar. Ég held að allir hljóti að vera sammála því að við byggjum ekki jarðgöng í Reykjavík, hvorki á Sundabraut eða annars staðar, án þess að miða við sama öryggi og þægindi umferðarinnar og í öðrum löndum. Verkfræðistofan VGK-Hönnun, sem nú heitir Mannvit, endurskoðaði kostnað við Sundagöng miðað við



Búið er að sprengja 20 m í Héðinsfirði og 3.111 m í Ólafsfirði. Samtals 6.771 m sem er 64 % af heildarlengd.

## Kostir jarðgangaleiðar fram yfir Leið III:

Minni umhverfisáhrif í heild:  
engin umhverfisáhrif við ósa  
Elliðaáa

minni hljóðvistarvandamál  
þó, meiri heildarakstur

Betri landnýting, minna land  
undir umferðarmannvirki  
Í samræmi við væntanlegar  
breytingar á aðalskipulagi  
Reykjavíkur

Í sátt við íbúa

Minni umferð á: austurhluta  
Miklubrautar, mið og norður-  
hluta Sæbrautar

Allar siglingaleiðir óheftar  
þar á meðal að starfsemi  
á Ártúnshöfða, (Björgunar,  
Malbikunarstöðvar,  
Sementsafgreiðslu)

## Kostir Leiðar III fram yfir Sundagöng:

Ódýrari: Minni stofnkostnaður  
Lægri rekstrarkostnaður  
Meiri arðsemi  
Minni óvissa um stofnkostnað

Minni umferð á:


Ártúnsbrekku, Höfðabakka  
Gullinbrú

Minni heildarakstur í gatna-  
kerfinu

Göngu- og hjólaleiðir mögulegar  
Auðveldari áfangaskiptingar  
framkvæmda

niðurstöður rannsókna síðasta árs, og nýjustu kröfur og staðla, meðal annars í samráði við þann aðila sem vann kostnaðaráætlunina haustið 2006, og fékk út að kostnaður við göngin sjálf yrði um 19,6 milljarðar og heildarkostnaður við framkvæmdir þá um 24 milljarðar. Þessir sömu ráðgjafar hafa unnið fyrir okkur að ýmsum jarðgangaverkefnum og við treystum þeim vel til þessara verka.

Það er skiljanlegt að mörgum finnst hægt ganga í undirbúningi Sundabrautar. En ég vil leyfa mér að minna á að það er ekki ýkja langt síðan ákveðið var að skoða jarðgangakostinn gaumgæfilega, ætli





Sundabraut  
2. áfangi

Sundagöng

Sundabraut  
Leið III

Vesturlandsvegur

Miklabraut

Sæbraut

Höfðabakki

Suðurlandsvegur

Breiðholtsbraut

Výðlavegur

Reykjarnesbraut

Það séu nema svona 2 ár. Í öllum tilfellum þegar verið er að meta valkosti í vegamálum í stórum verkefnum, eins og t.d. jarðgöng og stórbrýr úti um allt land, tekur það einhver ár að komast að niðurstöðu um besta kostinn. Í þessum langa aðdraganda Sundabrautar hafa eins og þið þekkið verið skoðaðir fjölmargir möguleikar, hábrú og lágbrú, opnanlegar brýr, botngöng og jarðgöng á mismunandi stöðum og svo frv. Allt tekur þetta tíma, en hefur verið unnið sameiginlega af Reykjavíkurborg og Vegagerðinni, ásamt ráðgjöfum okkar.

Áætlaður kostnaðarmunur á ytri og innri leið um 9 milljarðar. Vegagerðin hefur mælt með ódýrari kostinum, innri leið, einfaldlega vegna þess að við höfum ekki getað séð þá kosti við jarðgöngin sem gætu réttlætt þennan kostnaðarmun. Hins vegar vil ég minna á, að tilgangurinn með mati á umhverfisáhrifum sem nú er unnið að, er ekki síst að draga fram og bera saman kosti og galla einnar lausnar miðað við aðra, þannig að etv. verður myndin önnur eftir að þessari vinnu lýkur. Því það er ekki þannig að Vegagerðin horfi eingöngu á kostnað eða hagkvæmni þegar hún leggur fram sínar tillögur, heldur er ekki síður horft til öryggis vegfarenda og umhverfisáhrifa.

Vegagerðin hefur enga ánægju af því að standa í illdeilum við sveitarfélög eða íbúa sveitarfélaga við val á lausnum í vegamálum. Við höfum í þessu verki eins og öðrum reynt

að leggja okkar af mörkum við að láta vinna faglega að undirbúningi Sundabrautar, þannig að þeir sem taka ákvörðun að lokum hafi sem réttasta mynd til að byggja á. Og ég vona að sátt verði um þá niðurstöðu sem að lokum verður valin.

## Auglýsingar útboða

### Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2008, malbik á Akureyri 08-040

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með malbiki á Þjóðvegi á Akureyri.

Helstu magnbólur eru:

Malbik . . . . . 2.000 tonn

Útlögn . . . . . 19.000 m<sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánuðeginum 19. maí 2008. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 3.júní 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
08-066 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð, eftirlit	08
08-062 Kjósarskarðsvegur (48), Meðalfellsvegur - Þingvallavegur	08
08-060 Arnarnesvegur (411), Rjúpnavegur - Breiðholtsbraut, hönnun	08
08-057 Suðurstrandarvegur (427), Krísuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur, eftirlit	08
08-015 Strandavegur (643) í Bjarnarfirði	08
08-033 Hringvegur (1) um Hornafjarðarfliót	08
08-034 Rangárvallavegur (264), Hringvegur - Minna Hof	08
08-054 Hringvegur (1), Norðlingavað - Nesbraut	08
08-052 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur	08
08-032 Bræðratunguvegur (359) um Hvítá	08
08-026 Reykjabraut (724), Hringvegur - Svínvetningabraut	08
08-025 Vatnsdalsvegur (722), Hof - Hjallaland	08
08-023 Vestfjarðavegur (60) um Hjarðardalsá	08
08-055 Reykjanesbraut (41), undirgöng við Hafnaveg	08
08-022 Vestfjarðavegur (60), Kjálkafjörður - Vatnsfjörður	08
08-021 Vestfjarðavegur (60), Gufudalssveit	08
08-042 Breikkun Hringvegur (1) á Norðvestursvæði 2008-2009, 1. áfangi	08
08-036 Suðurstrandarvegur (427), Ísólfsskáli - Krísuvíkurvegur	08
08-051 Keflavíkurvegur (424), Reykjanesbraut - Njarðarbraut	08

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:
08-018 Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði	08
08-031 Fjallabaksleið nyrðri (F208) og Sprengisandsleið (F26)	08
08-016 Hringvegur (1) um Blönduós	08
08-046 Vetrarþjónusta Norðvestursvæði, Bíldudalur - Brjánslækur 2008-2011	08
08-045 Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2008-2009, vesturhluti	08
08-012 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður	08
08-011 Kísilvegur (87) á Hólasandi	08
08-010 Hringvegur (1), Valtýskambur - Sandbrekka	08
08-009 Hófaskarðsleið, Raufarhafnartenging	08
08-008 Hringvegur (1), breikkun í Öxnadal	08
08-007 Illugastaðavegur (833), slitlagsemi - Illugastaðir	08
08-005 Hringvegur (1), Litla Sandfell - Haugaá	08
07-089 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	08
07-084 Suðurstrandarvegur (427), Krísuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur	08
07-039 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	08
07-040 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	08
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	08
07-012 Skagavegur (745) um Króksbjarg	08
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
08-071 Girðingar á Suðursvæði	19.05.08 03.06.08
08-040 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008, malbik á Akureyri	19.05.08 03.06.08

## Girðingar

### á Suðursvæði 2008 08-071

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í uppsetningu nýrra girðinga á Suðursvæði 2008.

Helstu magntölur:

Netgirðingar . . . . .	22.400 m
Rafmagnsgirðingar . . . . .	5.500 m
Grindarhlið . . . . .	15 stk.
Nethlið . . . . .	15 stk.
Prílur . . . . .	10 stk.

Verki skal að fullu lokið 1. nóvember 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 19. maí 2008. Verð útboðsgagna er 2.000 kr

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 3. júní 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Niðurstöður útboða

### Efnisvinnsla

#### á Suðursvæði 2008 08-029

Tilboð opnuð 13. maí 2008. Vinnsla steinefna á Suðursvæði árið 2008.

Helstu magntölur eru:

Malarslitlag . . . . .	12.000 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag, 0-63 mm . . . . .	61.000 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag, 0-32 mm . . . . .	32.000 m <sup>3</sup>
Klæðingarefni . . . . .	30.000 m <sup>3</sup>

Verki skal að fullu lokið 31. desember 2008.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3	Tak-Malbik ehf., Borgarnesi	196.341.236	133,8	105.216
2	Fossvélar ehf., Selfossi	159.020.000	108,4	67.895
---	Áætlaður verktakakostnaður	146.740.000	100,0	55.615
1	Vegamenn ehf., Reykjavík	91.125.000	62,1	0

### Auglýst útboð, framhald Auglýst: Opnað:

08-006	Borgarfjarðarvegur (94), Lagarfossvegur - Sandur	13.05.08	27.05.08
08-059	Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhvamsvegur, hönnun	13.05.08	18.06.08
08-070	Hringvegur (1), Skarhólabraut - Hafravatnsvegur, hönnun	13.05.08	18.06.08
08-063	Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð	14.04.08	05.06.08
07-090	Lyngdalsheiðarvegur (365), Pingvallavegur - Laugarvatnsvegur	07.04.08	20.05.08
08-056	Lyngdalsheiðarvegur (365), eftirlit	07.04.08	20.05.08
06-007	Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07.04.08	20.05.08

### Útboð á samningaborði Auglýst: Opnað:

08-029	Efnisvinnsla Suðursvæði 2008	28.04.08	13.05.08
08-035	Festun og yfirlögn á Suður- svæði og Suðvestursvæði 2008	28.04.08	13.05.08
08-030	Yfirlagnir Suðursvæði 2008, malbik	28.04.08	13.05.08
08-002	Hörgárdalsvegur (815), Björg - Skriða, 1. áfangi	28.04.08	13.05.08
08-069	Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið, Fremri-Háls - Sævarland	21.04.08	06.05.08
08-039	Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008-2009, norðurhluti, klæðing	21.04.08	06.05.08
07-009	Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga	14.04.08	29.04.08
08-019	Vestfjarðavegur (60) um Tunguá	14.04.08	29.04.08
08-064	Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilstaðaveg, eftirlit	14.04.08	29.04.08

### Útboð á samningaborði, framh. Auglýst: Opnað:

08-067	Meðallandssvegur (204), sunnan Fossa	14.04.08	29.04.08
08-048	Yfirlagnir Suðvestursvæði 2008, „repave“	07.04.08	22.04.08
08-049	Yfirlagnir Suðvestursvæði 2008, malbik	07.04.08	22.04.08
08-050	Grasslátur á Suðvestursvæði 2008-2010	07.04.08	22.04.08
08-047	Vetrarþjónusta Suðvestursvæði 2008-2013	07.04.08	22.04.08
08-043	Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2008-2009	17.03.08	22.04.08
08-003	Knarrarbergsvegur (8490), Veigastaðavegur - Leifsstaðavegur	31.03.08	15.04.08
08-038	Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008-2009, austurhluti, klæðing	31.03.08	15.04.08
07-086	Strandavegur (643), Geirmundarstaðavegur - Hálsgrata	31.03.08	15.04.08
08-037	Efnisvinnsla Norðaustur- svæði 2008-2009, norðurhluti	17.03.08	01.04.08
08-004	Dagverðareyrarvegur (816), Hringvegur - Helluland	17.03.08	01.04.08

### Samningum lokið Opnað: Samið:

08-065	Pingskálavegur (268), Rangárvallavegur - Heiði Sigurjón Hjartarson	22.04.08	07.05.08
08-028	Vegir undir Eyjafjöllum; Skálavegur (246), Skógar (2288) Mýrdalsjökulsvegur (222) Framrás ehf.	31.03.08	15.04.08
08-027	Búrfellsvegur (351), Biskupstungnabraut - Klausturhólar Sigurjón Hjartarson	15.04.08	07.05.08
08-053	Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilstaðaveg Ris ehf. Glaumur verktakafélag ehf.	15.04.08	08.05.08

## Niðurstöður útboða

### Yfirlagnir á Suðursvæði 2008, malbik 08-030

Tilboð opnuð 13. maí 2008. Yfirlagnir með malbiki á Suðursvæði árið 2008.

Helstu magnþölur:

Yfirlögn með malbiki	36.300 m <sup>2</sup>
Malbik	4.530 tonn

Verki skal að fullu lokið 1. júlí 2008.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5 Loftorka Reykjavík ehf.	71.815.000	108,8	4.627
4 Klæðning ehf. og Bergsteinn ehf., Hafnarfirði	71.000.000	107,6	3.812
3 Malbik og völtun ehf. og Malbikun H G ehf., Reykjavík	69.126.000	104,7	1.938
2 Malbikunarstöð Hlaðbær - Colas hf., Hafnarfirði	69.017.000	104,6	1.829
1 Malbikunarstöðin Höfði hf., Reykjavík	67.188.000	101,8	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	66.000.000	100,0	-1.188

### Hörgárdalsvegur (815), Björg – Skriða, 1. áfangi 08-002

Tilboð opnuð 13. maí 2008. Endurbýgging á um 4,84 km löngum kafla Hörgárdalsvegur (815) í Hörgárbyggð, frá núverandi slitlagsenda hjá Björgum að Hólkoti í Hörgárdal.

Helstu magnþölur eru:

Fylling og fláafleygar	8.700 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	6.000 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	7.200 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	31.500 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. september 2008.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5 G. Hjálmarsson hf., Akureyri	50.850.000	135,6	17.447
4 G.V. Gröfur ehf., Akureyri	38.395.000	102,4	4.992
--- Áætlaður verktakakostnaður	37.495.000	100,0	4.092
3 Dalverk ehf., Dalvík	35.755.500	95,4	2.353
2 Istrukkur ehf. Kópaskeri	35.065.900	93,5	1.663
1 Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	33.403.000	89,1	0

### Festun og yfirlögn á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2008 – 2009 08-035

Tilboð opnuð 13. maí 2008. Festun vega með froðubiki, bikþeytu eða sementi og lögn tvöfaldrar klæðingar á Suðursvæði á árunum 2008 og 2009. Um er að ræða alls 28,3 km á 12 vegarköflum.

Helstu magnþölur eru:

Festun með froðubiki, bikþeytu eða sementi

Árið 2008	96.000 m <sup>2</sup>
Árið 2009	108.000 m <sup>2</sup>

Tvöföld klæðing

Árið 2008	94.000 m <sup>2</sup>
Árið 2009	105.000 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september hvort ár.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
<b>Festun með froðubiki og yfirlögn</b>			
4 Slitlag ehf. og co, Reykjavík	496.418.865	121,5	45.619
3 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. og Arnardalur sf., Selfossi	476.602.998	116,7	25.803
2 Malbikunarstöð Hlaðbær - Colas hf., Hafnarfirði	460.877.760	112,8	10.078
1 Borgarverk ehf. Borgarnesi	450.800.000	110,4	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	408.420.000	100,0	-42.380
<b>Festun með bikþeytu og yfirlögn</b>			
4 Slitlag ehf. og co, Reykjavík	529.412.095	122,4	93.126
3 Malbikunarstöð Hlaðbær - Colas hf., Hafnarfirði	455.209.410	105,3	18.923
2 Borgarverk ehf., Borgarnesi	439.000.000	101,5	2.714
1 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. og Arnardalur sf., Selfossi	436.286.198	100,9	0
-- Áætlaður verktakakostnaður	432.430.000	100,0	-3.856



Munið vinnustaðamerkingarnar